

GJALDSKRÁ

fyrir bílastæðagjöld á Tjarnarvöllum í Hafnarfjarðarkaupstað.

<i>Rekstur og viðhald bílastæða</i>	<i>Gjald fyrir árið 2013*</i>
Rekstrar- og viðhaldskostnaður pr. stæði	3.337 kr.
Stofnkostnaður pr. stæði	450.005 kr.

Gjaldskrá þessi er uppfærð í janúar ár hvert m.v. hækkun byggingarvísitölu.

* Sameiginleg bílastæði eru á miðsvæði Valla sem afmarkast af helgunarsvæði Reykjanesbrautar annars vegar og aðliggjandi lóðum hins vegar.

Bílastæðin eru utan lóða, að undanskilinni lóð A9, og til sameiginlegra afnota.

Hafnarfjarðarbær útbýr og viðheldur bílastæðum. Lóðarhafi greiðir stofnkostnað/bílastæðagjald fyrir bílastæði í samræmi við þann fjölda bílastæða sem honum ber að leggja til, miðað við stærð og notkun húss, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, gr. 3.1.4. Viðhaldskostnaður verður reiknaður með fasteignagjöldum. Bílastæði í bílgeymslu í kjallara húss kemur til frádráttar fjölda stæða á sameiginlegu stæði við útreikning gjalda. Útreiknaður fjöldi stæða byggir á samþykkttri byggingarnefndarteikningu hússins að frádrögnum stæðum í bílgeymslu hússins ef hún er til staðar. Bílastæðagjaldið stendur undir stofnkostnaði stæðis.

Bæjarsjóður Hafnarfjarðar innheimtir bílastæðagjaldið þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

Bílastæðagjaldið er tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 19. gr. í skipulagslögum nr. 123/2010.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 28. nóvember 2012 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 5. desember 2012, tekur gildi 1. janúar 2013.

Hafnarfirði, 5. desember 2012.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2012